



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## HUGVÍSINDASVIÐ

SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

### Gráu slétturnar

*Áhrif Öskjugossins árið 1875 á bústofn bænda í Suður- og Norður-Múlasýslum*

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði.

Steinunn Ingibjörg Bjarnadóttir

Maí 2016

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

# **Gráu sléttarnar**

*Áhrif Öskjugossins árið 1875 á bústofn bænda í Suður- og  
Norður-Múlasýslum*

**Ritgerð til BA prófs í sagnfræði**

**Steinunn Ingibjörg Bjarnadóttir**

**Kt.: 040491-2529**

**Leiðbeinandi: Már Jónsson**

**Maí 2016**

## Ágrip

Tilgangur þessa verkefnis er að skoða áhrif og afleiðingar eldgossins í Öskju árið 1875 á sauðfé, kýr og hesta í Suður- og Norður-Múlasýslu. Mögulegar afleiðingar hjá dýrum geta meðal annarra verið fækkun bústofns vegna eitrunar, lélegs heys og veðurfars. Meginumfjöllun þessarar ritgerðar lýtur að Öskjugosinu sjálfu, hvenær það hófst og hversu umfangsmikið það var. Jafnframt verður skoðað hvernig bændur brugðust við og til hvaða ráðstafana þeir gripu. Einnig verður skoðað hvernig skepnurnar brugðust við gosinu. Jafnframt verður reynt að huga að áhrifum utanaðkomandi aðstoðar á bændur og þá einkum aðstoð í formi korninnflutnings. Skoðaðar verða margskonar heimildir, svo sem skrif í dagblöðum og endurminningar Fyrir fræðilegt yfirlit um eldgos verður stuðst við jarðfræðibækur og fræðigreinar. Verkefnið er í þremur köflum og í hverjum kafla eru tveir undirkaflar. Í fyrsta kafla er að finna umfjöllun um eldgos á Íslandi og Öskjugosið 1875. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir viðbrögðum bænda og hugsanlegum bjargráðum fyrst um sinn og áhrif gossins á skepnur. Þriðji kafla fjallar um þá aðstoð sem austfirskum bændum bauðst af hálfu stjórnvalda og annarra. Fólst sú aðstoð í tveimur liðum, fjárstuðningi, og aðflutningi á korni.

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>1. Tengsl jarðfræðinnar við atburðina 28. mars 1875 .....</b>	<b>7</b>
1.2 Askja í Dyngjufjöllum og gosið 1875 .....	7
1.2. Annar í páskum, 29. mars 1875 .....	11
<b>2. Birtingarmynd eldgossins. ....</b>	<b>14</b>
2.1 Áhrif ösku á starf bænda í Múlasýslu. ....	14
2.2 Áhrif á búfénað í Öskjugosinu .....	17
2.3 Tölfræðiupplýsingar .....	21
<b>3. Aðstoð við íbúa .....</b>	<b>25</b>
3.1 Fjárstuðningur .....	25
3.2 Breska aðstoðin og þátttaka Eiríks Magnússonar .....	29
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>32</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>35</b>

## 1. Inngangur

Í þessari ritgerð er ætlunin að varpa ljósi á áhrif eldgossins í Öskju vorið 1875 á sauðfé, nautgripi og hesta í Suður- og Norður-Múlasýslu. Hugmyndin að verkefninu fór að mótast fyrir alvöru eftir umræður í samfélaginu um hugsanlegt samband á milli óvenju mikils sauðfjárdauða og eldgossins í Nornahrauni árið 2014. Við þessar umræður leitaði hugur minn til fornra tíma og hugleiðinga um hvernig fólk brást við afleiðingum eldgosa. Eftir að hafa skoðað og lesið um nokkur eldgos ákvað ég að reyna að varpa ljósi á afleiðingar eldgossins í Öskju árið 1875.

Rannsóknaspurningar verkefnis eru þrjár talsins. Fyrsta spurningin snýr að því að reyna að komast að því hvernig bændur reyndu að bjarga húsdýrum sínum í kjölfar gossins. Önnur rannsóknaspurning felst í því að leggja mat á hversu mikill fjöldi skepna drapst eftir gosið. Þriðja rannsóknaspurningin snýr að því að skoða hversu mikil áhrif utanaðkomandi aðstoð hafði á bændurna.

Í ritgerðinni er stuðst við margs konar heimildir, bæði nýjar og gamlar. Til að mynda var notuð MA-ritgerð Elsu Guðnýjar Björgvinsdóttur um upplifun fólks af gosinu 1875. Mikið magn upplýsinga var sótt til dagblaða frá árunum 1875-1878. Meðal blaða sem um ræðir eru Ísafold, Norðanfari og Norðlingur. Er mest að finna frá séra Sigurði Gunnarssyni prófasti á Hallormsstað, en einnig eru nokkrir ónefndir bréfitarar með upplýsingar sem birtast í ritgerðinni. Einnig voru sóttar upplýsingar til Agnars Hallgrímssonar, Þorvaldar Thoroddsen og Ólafs Jónssonar. Þorvaldur skrifaði um Ódáðahraun og Öskjugosið í tímaritið Andvara. Ólafur Jónsson skrifaði rétt fyrir miðja seinustu öld bókaflökk um Ódáðahraun og þar á meðal Öskju. Er í þeim bókum meðal annars hægt að finna ferðasögur um Ódáðahraun og nágrenni þess. Svo er einnig hægt að finna í þessum bókum útilegumannasögur, eldgosaannál og lýsingu á bergtegundum. Jafnframt voru sóttar upplýsingar í ævisögur Eiríks Magnússonar og Guðmundar Jónssonar frá Húsey. Enn fremur var farið í búnaðarskýrslur frá árunum 1873-1876 til að reyna að meta hversu mikið tjón varð á högum bænda. Til að reyna að skilja betur aðstæður húsdýra voru samtímaheimildir eins og ævisögur og dagblöð skoðaðar, sem og lýsingar frá öðrum gosum.

Ritgerðinni er skipt upp í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um eldstöðina Öskju í Dyngjufjöllum sem eru innan Ódáðahrauns. Kaflinn endar á því að segja frá atburðarásinni á öðrum degi páska árið 1875 þegar öskugos átti sér stað í Öskju.

Annar kafla fjallar um árin 1875-1876, einkum um viðbrögð bænda við gosinu. Meðal þess sem bændur þurftu að huga að var hvar hægt væri að beita búfénaði, því við blöstu breiðir hagar þaktir gráum sandi. Þetta leiddi til tímabundins brottflutnings margra bænda frá svæðinu. Flestir sneru þó aftur innan árs frá gosinu. Einnig er hugað að hegðun skepna í gosinu með því að rýna í samtímaheimildir sem fjalla um efnið. Búnaðarskýrslur ásamt lýsingum frá öðrum eldgosum voru skoðaðar. Til dæmis má finna ákveðin líkindi í hegðun dýra í kjölfar Skaftárelda og Öskjugossins.

Þriðji kafla er helgaður utanaðkomandi aðstoð sem bændur nutu. Fyrst er talað um fjárstuðning sem barst frá Íslendingum og svo nágrannalöndunum Danmörku og Noregi. Íslendingar gátu send fjárstyrki til blaðanna Ísafoldar, Norðanfara og Norðlings. Þá er einnig fjallað um kornflutning á vegum Eiríks Magnússonar í Cambridge, en hann var í forsvari fyrir bresku aðstoðina. Hann stóð að söfnun í Bretlandi, en í stað þess að senda peninga til landsins var keypt kornmeti sem síðan var dreift milli þeirra sveita sem fóru hvað verst út úr gosinu.

# 1. Tengsl jarðfræðinnar við atburðina 28. mars 1875

## 1.2 Askja í Dyngjufjöllum og gosið 1875

Til að komast að Öskju er fyrst farið að Ódáðahrauni. Þaðan er farið inn að Dyngjufjöllum, sem eru um 25 kílómetra frá Dyngjökli í Vatnajökli. Dyngjufjöll hafa einnig gengið undir nafninu Trölladyngjur. Hæsti tindur Dyngjufjalla er Þorvaldstindur sem er í 1.510 metra hæð yfir sjávarmáli. Dyngjufjöll standa um 600 til 750 metrum yfir sjávarmáli og eru 250 ferkílómetrar að flatarmáli. Askja er í miðjum Dyngjufjöllum og er 45 til 50 ferkílómetrar að flatarmáli og er í 1.100 til 1.180 metra hæð yfir sjávarmáli. Askja er stór sigketill í miðjum Dyngjufjöllum, en talið er að þau séu rústir mikillar eldkeilu sem hafi verið lík Örfafjökli. Nafnið Askja er íslenskt nafn á orðinu „*caldera*“ sem er alþjóðlegt vísindaheiti á sigkatli.<sup>1</sup>

Sigketill myndast þegar kvika brýst út úr grunnstæðu hólfi í kvikuhlaupi en tæmist við stórgos úr grunnstæðu kvikuhvolfi og bergið fellur saman. Í Dyngjufjöllum eru fjórar öskjur. Þær eru nefndar Norðuraskja, Askja, Opaskja og Öskjuvatn sem myndaðist í gosinu árið 1875. Ekki er vitað hvernig Askja sjálf myndaðist en talið er að það svipi til þess þegar sigketillinn í Öskjuvatni myndaðist í gosinu árið 1875. Jafnframt er álitnið að gígarnir sem mynduðust í botni sigketilsins í gosinu 1875 hafi horfið þegar vatn safnaðist saman í lægðina. Í dag er Öskjuvatn dýpsta stöðuvatn landsins eða um 223 metrar þar sem það dýpst.<sup>2</sup>

Ólafur Jónsson kannaði sögu Ódáðahrauns á fyrri öldum. Fyrstu könnunarferðirnar voru farnar á árunum 1792 og 1794, en hvorug ferðin snerist um að heimsækja Dyngjufjöll heldur að reyna að finna leið á milli Suðurlands og Austurlands. Fyrsta könnunarförin sem farin var inn í Dyngjufjöll var árið 1830. Fimm Mývetningar vopnaðir byssum og sveðjum fóru til að leita að útilegumannabyggðum í Dyngjufjöllum. Sáu menn oft tíða reyki koma frá Dyngjufjöllum og ályktuðu reykina vera bæjarreyki útilegumanna. Ólafur Jónsson véfengdi þá ferðalýsingu sem fimmmeningarnir skildu

---

<sup>1</sup> Sigurður Þórarinnsson, *Eldur í Öskju*, bls. 6-7.

<sup>2</sup> Vef. Námsgagnastofnun, „Jarðfræðivefurinn“ 2013; *Náttúruvæ*, bls. 343-344 og 346-347; Guðmundur. E. Sigvaldason, „Samspil vatns og kviku“, bls. 40; Sigurður Þórarinnsson, *Eldur í Öskju*, bls 6-8.

eftir sig og telur að þeir hafi ekki geta komist að Dyngjufjöllum miðað við ferðalýsinguna. Til að mynda er Dyngjuvatns ekki getið í ferðasöggunni en allar líkur eru á því að þeir hefðu orðið varir við það á ferð sinni. Annað sem er merkilegt við söguna er að þegar Jón, einn af ferðalöngunum, fór að smala um haustið við Hraunárdal, þá á hann að hafa dreymt að útilegumaður hafi komið til hans í svefni. Útilegumaðurinn skammaði hann fyrir að vera að leita að stöðum hans og stappaði í barðið. Við ósköpin vaknaði Jón og tókst með naumindum að forða sér frá moldarbarðinu. Þetta er sterkt merki um það hversu sterk útilegumannatrúin var.<sup>3</sup>

Átta árum seinna fundu Björn Gunnlaugsson, kennari og mælingamaður, og Jón Austmann Öskju eða Dyngjufjalladal, eins og Askja var upphaflega kölluð. Árið 1838 kom Björn til að framkvæma mælingar á Ódáðahrauni. Þegar þeir voru búnir að vera á ferðalagi í eina fjóra daga hrepptu þeir illviðri og þeir villtust inn í Dyngjufjöll, þar sem þeir fundu Öskju fyrir slysi. Björn ritaði lítið um könnunarferðinna og helstu lýsingar af Öskju eru ritaðar af Sigurði Gunnarssyni, sem síðar varð prestur á Hallormsstöðum. Þetta er sérstaklega merkilegt í ljósi þess að seinna meir átti hann eftir að rita margar greinar um Öskjugosið 1875 og afleiðingar þess.

Fyrst þegar Sigurður ritaði um Öskju er talað um Dyngjufjalladal. Hvaðan það nafn er komið er óvíst, en það er trúlega talsvert gamalt nafn því Sigurður sjálfur telur sig hafa heyrt það nafn sem unglíngur í Öxnafirði. Var nafnið þá tengt útilegumannasögum. Í dalnum átti að vera til útilegumannasveit með minnsta kosti 18 bæjum og sáu menn bæjarreykina oft og tíðum. Ólafur Jónsson veltir því fyrir sér hvort að nafnið Dyngjufjalladalur sé sprottin frá þjóðtrú.<sup>4</sup>

Fyrstu vísbendingar um jarðhræringar komu fram í desember árið 1874 þegar fólk í byggðum næst Dyngjufjöllum, til að mynda í Jökuldal og Mývatni, varð vart við einhverskonar hræringar. Urðu jarðhræringar mestar um jólin og áramótin og reyndist ógerningur að telja hversu margir skjálftar urðu. Þessar jarðhræringarnar eru taldar hafa náð hámarki 2. janúar 1875. Í febrúar 1875 gerðu Mývetningar sér ferð í Dyngjufjöll þar sem þeir urðu vitni að jarðhæringum. Þó gátu þeir ekki kannað aðstæður eins og þeir

---

<sup>3</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* 1, bls. 208, 210, 218-219.

<sup>4</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* 1, bls. 222-224.



vildu vegna grjótfoks. Jafnframt gátu þeir ekki kannað gíganna sem voru í suðausturhorni öskjunnar.<sup>5</sup>

Síðan gerðist lítið fyrr en klukkan níu að kvöldi páskadags 28. mars. Frá Jökuldal sást kolsvartur öskumökkur rísa upp frá Dyngjufjöllum. Á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal byrjaði öskufall klukkan hálfjögur um nóttina og féll þá fingerð ljós aska yfir allt. Klukku tíma síðar brá birtu á í stutta stund, en aftur syrti að með miklu öskufalli um hádegi og var þá ösku- og vikurlagið á Skjöldólfsstöðum orðið 20 sentimetra þykkt, og enn þykkara þegar innar dró í dalinn. Almennt er talið að um morguninn 29. mars urðu menn orðið varir við öskufall allt að 50 kílómetrum austan við Dyngjufjöll. Skjöldólfsstaðir er einungis einn af mörgum bæjum sem fengu öskuna á sig.<sup>6</sup>

Gosið í Öskju er skilgreint sem plínískt eldgos eða þeytigos. Helstu einkenni slíkra gosa eru að þau standa fremur stutt yfir eða í tvær til tíu klukkustundir. Enn fremur fylgir þeim mikið gjóskufall. Inni í gjóskufallinu er einkum að finna eðlisléttan vikur, það er ösku ásamt bergbrotum úr gosrásinni. Jafnframt getur askan borist þúsundir kílómetra frá upptökum. Enn fremur eru þessi gos mjög há eða um 25 kílómetrar á hæð og hafa stöðugt streymi gjósku sem getur numið 10.000 til 100.000 tonnum á sekúndu.<sup>7</sup>

Öskumagnið átti þó eftir að vekja athygli fleiri en heimamanna. Að kvöldi annars dags páska fór fingerð askja að berast á vesturströnd Noregs. Daginn eftir hafði hún borist yfir sunnanvert landið og tveimur dögum seinna hafði hún borist til Svíþjóðar.<sup>8</sup>

Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur hefur áætlað að askan hafi fallið yfir svæði sem nemur um 650 km<sup>2</sup> og að hér á landi hafi fallið aska sem nemur um 7800 km<sup>3</sup>. Hann hefur jafnframt reiknað út að streymi vikurösku upp úr eldfjallinu hafi verið um 3.849 milljónir tonna.<sup>9</sup>

Gjóskufall er alltaf mest í næsta nágrenni eldstöðvar og fyrstu dagana eftir gos, en dreifing gosefna er háð vindátt hverju sinni. Sömuleiðis skiptir þykkt gjósku máli. Gróf og þung efni falla helst næst uppruna eldstöðvar á meðan fínni efni gjóskunnar geta

---

<sup>5</sup> Þorvaldur Thoroddsen, „Ódáðahraun“, bls 34.; Sigurður Þórarinsson, *Eldur í Öskju*, bls 9.

<sup>6</sup> *Náttúruvía*, bls 348-349; Sigurður Þórarinsson, *Eldur í Öskju*, bls. 9.

<sup>7</sup> *Náttúruvía*, bls. 95.


<sup>8</sup> Sigurður Þórarinsson, *Eldur í Öskju*, bls. 5.

<sup>9</sup> Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875“, bls. 20.

borist langar leiðir og flutt tilheyrandi eiturefni með sér. Þá hefur fína askan stærra yfirborð og flytur þar af leiðandi meira magn eiturefna með sér.<sup>10</sup>

Askann frá Dyngjufjöllum myndaði geira sem breikkaði til austurs út frá eldstöðvunum. Suðurmörk hans lágu hann yfir innanverðan Laugavalladal rétt innan við Aðalból í Hrafnkelsdal, innan við byggð í Fljótsdal, Skriðdal og í botni Berufjarðar. Norðanmegin lágu mörkin nokkru innan við Möðrudal um Fossvelli í Jökulsárhlíð og norðaustur í Dyrfjöll. Í heild sinni varð fólk vart við öskufall frá Héraðsflóa til Berufjarðar, sem er um 10.000 km<sup>2</sup> svæði.<sup>11</sup>

Mynd 1. Kort af áætlaði útbreiðslu öskunnar í Öskjugosinu 1875.<sup>12</sup>



iv Íslandshluti öskugeirans í Öskjugosinu 1875. Þykkt öskulagsins í cm. Slitnu línurnar eru jafntímalínur (sbr. ii mynd).

The Icelandic part of the tephra sector of the Askja eruption 1875. Broken lines are isochrones (cf. Fig. ii).

<sup>10</sup> Anna Lilja Oddsdóttir, *Undu yfir dundu*, bls 28-29.

<sup>11</sup> Elsa Guðný Björgvinsdóttir, *Yfir hrundi askan dimm*, bls 9.

<sup>12</sup> Sigurður Þórarinnsson, *Eldur í Öskju*, bls. 10.

## 1.2. Annar í páskum, 29. mars 1875

Dagurinn 29. mars árið 1875 var dagur sem íbúar Múlasýslna áttu seint eftir að gleyma. Það var einkum tvennt sem sýslurnar tvær áttu sameiginlegt, og skipti þá litlu máli hvar viðkomandi var staddur. Í fyrsta lagi skall myrkur á þegar bjart átti að vera. Í öðru lagi kyngdi niður ösku og þrumur og eldingar heyrðust með stuttu tímabili. Þessu fylgdi svo mikil kuldanepja og hráslagi að fólk hélt ekki á sér hita þótt statt væri í allhlýjum herbergjum.

Vissulega var magn ösku og tímabil gjóskufalls mismunandi eftir fjarlægð frá eldstöð, en engu að síður mátti finna ákveðna grunnlínu yfir svæðið. Íbúar á Eiríksstöðum á Efri-Jökuldal urðu varir við öskufall um hálfjögur um morgni 29. mars. Fjarlægðin frá Öskju að Eiríksstöðum er um 65 kílómetrar. Varð niðamyrkur ásamt miklum þrumum, eldingum og öskufalli. Tæpum klukkutíma seinna rofaði örlítið til en um klukkan hálfátta byrjaði önnur öskuhrina sem stóð til hádegis. Sú aska sem féll í fyrri gusunni er sögð hafa verið grá, smágerð og svo límkennd að hnoða mátti hana sem leir. Öskulagið sem fell í fyrri gusunni var um fimm sentimetrar. Það sem gerðist næst átti eftir að skapa mikil vandræði, því um leið og birti kom norðaustan kuldafjúk sem bleytti öskuna svo að hún steyptist niður eins og sement.<sup>13</sup>

Sigurður Gunnarsson prófastur á Hallormsstað var staddur í Þingmúla í Skriðdal og lýsir atburðum dagsins og upplifun sinni á aðstæðum. Um klukkan níu um morguninn fór að rigna hvítgráum vikri, stórgerðum flögum, digur líkt og grjón en þeim mun lengri. Um ellefuleytið var rökkrið orðið svo mikið að kveikja þurfti ljós í húsunum og klukkutíma seinna var myrkrið svo svart menn sáu ekki handa sinna skil. Niðamyrkur var í einn til tvö klukkutíma uns það birti hægt og rólega á næstu fjórum klukkustundum.<sup>14</sup>

Íbúar Loðmundarfirði urðu varir við eldgosið um sjöleytið um morguninn. Þá byrjaði öskufall með þrumum, eldingum og myrkri, þó var hægt að sjá út. Þar birti upp um áttaleytið í stutta stund, en um hálfnúu dundi aftur yfir öskufall. Varð þá dimmt eins og í gluggalausú húsi, fram að hádegi. Meðfram öskufallinu jukust þrumur og eldingar.

---

<sup>13</sup> Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess“, bls. 13-14 og 27; Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* II, bls. 252-253.

<sup>14</sup> *Norðanfari* 19. maí 1875, bls. 58-59.; Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun*, II, bls. 253.

Ónafngreindur höfundur bréfs til Norðanfara á Akureyri tekur fram að í eitt skipti hafi hann talið fjórar þrumur og eldingar á sömu mínútnni.<sup>15</sup>

Á Seyðisfirði dimmdi rétt fyrir klukkan níu og samkvæmt ónefndum bréfitara í Norðanfara 13. maí 1875 var ómögulegt að greina hvort manneskjan væri utan dyra eða innan, svo mikið var myrkrið. Úti var grafarlogn og brask og brestir heyrðust. Í bréfi ónefnda íbúans á Seyðisfirði kemur hvergi fram að öskurigningin hafi staðið með hléum eins og á Jökuldalnum, Loðmundarfirði eða í Mið-Héraðinu.<sup>16</sup>

Samkvæmt tímaritinu Ísafold þann 20. október 1875 urðu Jökuldalur, Féll, Fljótsdalur, Vellir, Eiðapingá. Skriðdalur, Framtunga og Hjaltastaðapingá verst úti hvað öskumagn varðaði. Jafnframt hafði ösku orðið vart í Borgarfirði eystra, Loðmundarfirði, Seyðisfirði, Mjóafirði, Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdal.<sup>17</sup>

Til marks um öskumagnið má nefna að Jökulsá á Fjöllum varð eins og ísrek og krapaburður sem mestur á haustum. Jafnframt því flæddi hún upp á bakka sína. Jafnframt því rak ösku frá Dyngjufjöllum á allar fjörur í Öxarfirði og norður um Melrakkaslétu. Jafnframt fundu hákarlaskipin fyrir norðan Grímsey miklar vikurrastir.<sup>18</sup>

Stærsta áhrifasvæðið var Jökuldalurinn og þá sérstaklega Efri-Jökuldalur. Þar mátti finna hraunkorn sem náðu um 15-20 sentímetrum á þykkt. Til samanburðar mátti finna fjögurra sentímetra þykk hraunkorn niður á fjörðum, til dæmis á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.<sup>19</sup>

Þegar íbúar í Möðrudal á Fjöllum vöknudðu á öðrum degi páska sáu þeir stóran kolsvartan strók taka sig upp fyrir sunnan Herðubreið. Íbúar deildu þá um það hvar eldgosíð væri að finna, hvort það væri í Vatnajökli eða á Möðrudalsöræfum. Íbúar Möðrudals voru þó ekki þeir einu sem sáu gosmökkinn. Til mynda sást mökkurinn í Bárðardal, á Rangárvöllum og í Reykjavík og töldu menn mökkinn koma frá Vatnajökli. Þá urðu íbúar á Suðurlandi jafnframt varir við gosið og víða heyrðust miklir elddynkir,

---

<sup>15</sup> *Norðanfari* 16. júní 1875, bls. 80.

<sup>16</sup> *Norðanfari* 13. maí 1875, bls. 56.

<sup>17</sup> *Ísafold* 20. október 1875, bls 36.

<sup>18</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun II*, bls 255.

<sup>19</sup> *Austurland*, bls 80.

líkt og hleypt væri af fallbyssu. En talið er að dynkina hafi mátt rekja til bergmálsins í Dyngjufjöllum.<sup>20</sup>

---

<sup>20</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun II*, bls. 252 og 255.

## 2. Birtingarmynd eldgossins

### 2.1 Áhrif ösku á starfsvið bænda í Múlasýslu

Þegar gosinu lauk komu upp ný verkefni ásamt því sem hin hefðbundnu störf urðu í sumum tilvikum erfiðari eins og við heyskap seinna um árið. Samkvæmt lýsingu Gunnlaugs Snædal frá Eiríksstöðum í Jökuldal var hafist handa við að ná í skepnur strax eftir að fyrstu öskubylgjunni lauk. Það átti þó eftir að ganga erfiðlega, því skepurnar voru blindaðar af öskusalla og hundarnir vildu ekki út vegna þrumuláta. Gekk það svo illa að ekki náðu allir smalamenn að komast með kindur sínar að útihúsum áður en seinni byljan gekk yfir. Urðu þeir að bíða þar sem þeir voru staddir. Það hafa líkast til verið um fjórir til fimm klukkutímar í niðadimmri ösku, þrumum og eldingum.<sup>21</sup>

Fjölbreytt vandamál blöstu við austfirskum bændum eftir gosið. Fyrst má nefna vatnsleysi, en lækir, ár, vötn og mýrlendi voru ýmist uppþornuð, stífluð eða spillt af ösku. Má leiða líkur að því að heilsu sauðfés hafi hugsanlega hrakað við að fá hálfmengað vatn.<sup>22</sup> Annað vandamál var að fá haga fyrir búfénað. Í Jökuldal þar sem fjallshlíðar voru þegar farnar að taka á sig grænan brag, blasti nú við sviplaus og ömurleg grá breiða. Vitað var að ef askan færi ekki af túnunum sprytti ekki gras. Margur bóndinn lagði því áherslu á að reyna að hreinsa tún sín, en það gat gengið brösuglega. Algengast var að safna öskunni saman í hrúgur víða á túnunum. Hins vegar átti askan til að dreifa sér aftur yfir túnin þegar hvessti og þurfti þá að hreinsa hvert tún tvisvar til þrisvar sinnum. Sumir bændur gátu fleytt öskunni burt með rennandi vatni og þar sem lækir voru nálægir voru þeir nýttir til að bera burt öskuna. Fyrst um sinn gerðu menn sér litlar vonir um að nokkur árangur yrði af hreinsuninni.<sup>23</sup>

Þrátt fyrir betri árangur við hreinsun öskunnar, fór það svo að margir bændur yfirgáfu jarðir sínar og héldu til hreppa þar sem askan var minni eða þar sem var öskulaust. Við

---

<sup>21</sup> Þorvald Thoroddsen, „Ódádahraun“, bls. 69-70.

<sup>22</sup> Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess“, bls. 23.

<sup>23</sup> *Ísafold* 20. október 1875, bls. 158.; Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess“, bls. 39.

Þetta bætist tjón á aðra hreppa sem höfðu sloppið við öskuna. Það voru hreppir eins og Hlíð, Tungan, Vopnafjörður, Hjaltastaðapinghá og Breiðdalur.<sup>24</sup>

Sjálfsagt er misjafnt hvernig fólk að stóð að bústofnaflutningum. Ekki er þó víst að allir hafi farið að eins og Gunnlaugur Snædal, en fjölskylda hans fluttist í Vopnafjörð eftir gosið. Fljótlega eftir að marsmánuði lauk gerði Gunnlaugur ráðstafanir til að koma skepnum sínum burt af svæðinu. Fyrstu fjárflutningar hans urðu 5. apríl en þá fór hann ásamt aðstoðarmönnum með fyrsta fjárhóp sinn um 90 kílómetra að Hofi í Vopnafirði. Sú ferð var ekki án erfiðis því að á leiðinni lentu mennirnir bæði í hríðarveðri og askan tafði fyrir þeim. Var þetta bara fyrsti af mörgum leiðöngrum Gunnlaugs með skepnur sínar og búslóð. Tæpum tveimur mánuðum eftir gosið, eða 21. maí 1875, var dyrunum á Eiríksstöðum lokað og þær voru ekki opnaðar aftur fyrr en árið 1878.

Sumir þurftu þó ekki að fara eins langa leið og Gunnlaugur. Lítið magn af ösku var að finna í afréttunum innan við Fljótsdal, Skriðdal og Jökuldal. Fóru bændur úr þessum hreppum með þúsundir fjár þangað í von um að geta haldið lífi í fé sínu.<sup>25</sup>

Ekki er víst hvenær bændur af öskumesta svæðinu fluttu sig til annarra svæða en reikna má með að það hafi verið fljótlega eftir að gosinu lauk. Séra Sigurður Gunnarsson skrifar að bændur sé komnir til annarra sveita í kringum 25. apríl 1875. En ekki er víst að bændur hafi verið komnir með allan bústofninn ef miðað er við aðstæður Gunnlaugs, sem ekki fór fyrir en 21. maí. Samkvæmt séra Sigurði var misjafnt hvort menn fóru með allan bústofninn eða bara með geldfé. Engu að síður er líklegt að þeir sem yfirgáfu jarðir sínar hafi verið komnir til annarra sveita í lok maí eða byrjun júní, því að 12. júní skrifar ónefndur bréfhöfundur í Breiðdal í tímaritið Íslending, að það eigi eftir að horfa til vandræða ef fleiri bændur komi, því að allt sé orðið fullt af fé og hestum í Breiðdal og sunnar.<sup>26</sup>

Þetta er það sem séra Sigurður óttast þegar hann ávítar íbúa í Jökuldal fyrir að flýja dalinn í stað þess að reyna að hreinsa vikurinn af túnum. Menn eigi svo að fá haga og hey

---

<sup>24</sup> *Norðanfari* 19.maí 1875, bls. 59.

<sup>25</sup> Elsa Guðný Björgvinsdóttir, *Yfir hruni askan dimm*, bls. 40-41 og 145; *Norðanfari* 19. maí 1875, bls 58; Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun II*, bls. 263.

<sup>26</sup> Elsa Guðný Björgvinsdóttir, *Yfir hrundi aska dimm*, bls. 40-41.; *Norðanfari* 19. maí 1875, bls. 59; *Íslendingur* 12. júní 1875, bls. 50- 51. Bréfhöfundurinn er líklega frá Breiðdal þar sem hann talar um að Fljótsdalshérað sé næsta sveit við sig.

utan öskusvæðisins. Bendir Sigurður á að ef menn flýðu jarðirnar myndi það ofþyngja öðrum sveitum og grasið muni ekki geta sprottið.<sup>27</sup>

Þrátt fyrir að framtíðarhorfur hafi verið slæmar, átti náttúran sjálf eftir að hjálpa bændum í öskusveitunum. Seint í maí gerði miklar rigningar og skolaðist þá talsvert af öskunni af grasrótinni, þúfum og hólum. Þann 30. maí 1875 kom svo áfelli með nokkrum snjó sem einnig hreinsaði burt ösku af túnum. Gróðurinn sem kom fyrst undan öskunni var gisinn en kjarngóður. Þetta leiddi til þess að sumir af þeim sem höfðu rekið fé í öskulausar sveitir sneru aftur heim. Þetta átti þó eingöngu við þar sem askan var frekar lítil.<sup>28</sup>

Ýmis vandamál létu á sér kræla. Heyskapartíðin kom mun seinna heldur en venjulega og um 19. júlí voru tún ekki nema hálfsprottinn. Þá gerði askan það að verkum að ljáir urðu bitlausir og hrífutindar eyddust fljótt upp. Sums staðar þurfti að fá þrjá til fjóra menn til að slá svæði sem einn maður hafði áður hafði slegið. Enn fremur spratt heyið illa í sumum af öskulausu sveitunum. Það skapaði þá vandamál, hvort tveggja fyrir öskulausu bændurnar sem og hinna þurfandi sem komu frá hinu öskumiklu sveitum.<sup>29</sup>

Hins vegar uppgötvaðist það síðla sumars, að á túnum þar sem lítið magn af ösku hafði fallið, reyndist hún sem hinn besti áburður og grasið varð kraftmeira. Um sumarið kom fyrir að öskulítill tún væru tvíslegin. Þessi tún gáfu gjarnan helming til tvo þriðju hluta af meðaluppskeru, en útheysfengur varð aðeins þriðjungur af meðalárs heyskap. Þá var hægt að nýta áður óræktanlegar mýrar. Þær urðu ræktanlegar vegna þess að askan sökk í leir og mosa og tók með sér margra ára sinu. Hins vegar gekk erfiðlega að heyja þar sem tún voru þurr og náðist stundum ekki neitt af þeim. Heymagnið af hreinsuðum túnum varð þó ekki nema helmingur eða þriðjungur af því sem áður var.<sup>30</sup>

Þegar líða tók á haustið taldi áhyggjufullur ónefndur bóndi að það sauðfé sem sett yrði á um veturinn myndi krefjast meiri vinnuálags vegna þess hve slæmar klaufir á fénu voru. Algengt var að fé væri klauflítið, sumt gekk halt og blæddi úr klaufum þess. Stafaði þetta af því að askan hafði að öllum líkindum skorið í fæturna á þeim. Þetta varð fyrst

---

<sup>27</sup> *Norðurfari* 19. maí 1875, bls. 59.

<sup>28</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* II, bls. 263; *Ísafold* 2. júlí 1875, bls. 104.

<sup>29</sup> Guðmundur frá Húsey, *Öskufallið*, bls 162; *Norðanfari* 26. október 1875, bls. 84; Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* II, bls. 263 og 265.

<sup>30</sup> Guðmundur frá Húsey, *Öskufallið*, bls. 162-163.; *Ísafold* 2. desember 1875, bls. 180; *Norðanfari* 26. október 1875, bls. 84; Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* II, bls. 265.



vandamál eftir að frysta tók, því fé notaði síður klaufirnar til þess að krafsa eftir þeim fáu heystágum sem komu undan vetri. Þá taldi ónefndur bréfhöfundur sem skrifaði í Ísafold í október að afleiðingar öskufallsins myndu ekki koma fram fyrr en að ári liðnu. Menn gætu lifað þetta ár af, en myndu ekki getað lifað af það næsta, því það myndi kosta meira að halda búi og myndu þeir sem áttu minnst verða búlausir. Því var spáð að efnabændur myndu þurfa að fækka búsmala um helming og þá fannst öðrum líklegt að mikið af fé myndi drepast af völdum beinasjúkdóma eða úr öðrum kvillum.<sup>31</sup>

Almennt hefur verið talað um að bændur hafi haft á gjöf um helming til tvo þriðju hluta fjár miðað við meðalár, og höfðu sumir áhyggjur að það gæti verið of mikið. Um haustið lóguðu flestir bændur lömbunum, veturgamla fénu, öðru lélegu fé og beljum, en settu á sauði og kindur sem hægt var fóðra án mikillar gjafar.<sup>32</sup>

Þrátt fyrir að hafa getað heyjað betur en menn áttu von á, óttuðust menn að eiga ekki nóg af heyi fyrir komandi vetur. Bóndi einn í Jökuldal segir í bréfi til Norðlings 6. Nóvember að um vorið hafi hann átt um 700 fjár með lömbum, en haldið einungis eftir um 300 fullorðnum kindum og ekki einu einasta lambi vegna hræðslu um að heyið myndi ekki duga.<sup>33</sup>

## 2.2 Áhrif á búfénað í Öskjugosinu

Í annálum fyrri alda er hægt að finna margs konar upplýsingar um áhrif eldgosa á búfjár. Í annálunum koma þá fram upplýsingar um að eftir eldgos hafi orðið búfjárfellir ásamt því að hagar hafi spillst og heyfengur varð rýrri en áður.<sup>34</sup>

Fyrstu skrásettu lýsingarnar á eituráhrifum á búfé vegna eldgosa er að finna í Fitjaannál Odds Eiríkssonar sem var skrifaður eftir Heklugos árið 1693. Í honum kemur fram að haustið og veturinn eftir að Hekla gaus hafi komið fram einkennileg tannveiki í ungu sauðfé. Hún lýsti sér á þann hátt að á tönnunum mátti finna einkennilegan gula eða svarta flekki. Svipaða lýsingu er að finna í Hestsannál séra Benedikts Péturssonar. Nú í

---

<sup>31</sup> *Norðanfari* 23. desember, bls. 123; *Ísafold* 20. október 1875, bls. 159.

<sup>32</sup> *Norðanfari* 23. desember 1875, bls. 106-107; *Norðanfari* 26. október 1875, bls. 84.

<sup>33</sup> *Norðlingur* 6. nóvember 1875, bls. 70-71.

<sup>34</sup> Guðmundur Pétursson, Páll A. Pálson og Guðmundur Georgsson, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 81.

dag þykir líklegt að þeir Oddur og Benedikt hafi verið að lýsa hægri flúorseitrun.<sup>35</sup> Í ljósi síðari tíma þekkingar er algengt að einkenni flúorseitrunar komi fram hjá búfánaði í kringum eldgos. Má í því samhengi nefna Heklugosið árin 1947 og 1970. Helstu einkenni flúorseitrunar eru til að mynda fætlur og gaddur auk tannbreytinga.<sup>36</sup>

Fætlur lýsa sér þannig að hnútar myndast á beinum sauðfé, svo mjúkir að flá megi af með hnífi. Gaddur er hins vegar afbrigði af tannbreytingum, en þá vaxa jaxlar tanna yfir aðra jaxla og hindra að gripurinn geti jórtrað almennilega. Skepnan drepst því úr hungri og vanhírðu ef ekkert er að gert. Hins vegar er hægt að koma í veg fyrir það, með því að brjóta brodda af jöxlunum með töng eða svipuðu áhaldi.<sup>37</sup>

Skaftáreldar hófust sumarið 1783 og stóðu með litlum hléum í tæpt ár eða fram í febrúar 1784. Sveinbjörn Rafnsson telur að á árabílinu 1783-1785 hafi nautgripum fækkað um 40%, hestum um 48% og sauðfé um 75%. Ekki féll allur þessi búpeningur af flúoreitrun eða öðrum beinum afleiðingum gosösku og gosmóðu. Þarna bætist inn í kuldatíð, grasleysi, hafís, vorhret, lélegt hey ásamt fleiri atriðum á sama tíma.<sup>38</sup>

Sé miðað við allt það öskumagn sem kom frá Öskju hefur fremur lítið verið talað um áhrif þess á heilsu og hegðun húsdýra. Mismunandi er hvort finna megi ákveðinn samhljóm milli eða hvort að áhrifin séu ólík. Hér verður reynt að skoða hvort samtímalýsingar frá 1875 passi við lýsingar á öðrum eldgosum.

Samkvæmt minningum Gunnlaugs Snædals fældust hestar af þrumum og eldingum. Þeim, líkt og öðrum skepnum, líkaði einnig illa brennisteinsfýlan sem varð áberandi eftir að gosi lauk.<sup>39</sup> Svipaðar lýsingar á atferli kinda má finna þar sem menn lýstu óróleika, pirringi og öðrum erfiðleikum. Í stað þess að dreifast um fjallið og bíta ferskt grasið, hópuðust kindur í Jökuldal saman hér og þar, hengdu höfuð og sýndust næstum samlitar vikrinum. Fljótsdælingar, sem höfðu flúið með fé sitt inn á öræfi og lágu yfir því þar, áttu

---

<sup>35</sup> Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 81; *Annálar 1400-1800* II, bls. 295-297, 299-300 og 534-536.

<sup>36</sup> Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 84.

<sup>37</sup> Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 81, 83-84.

<sup>38</sup> Guðmundur Hálfðánarson, „Mannfall í Móðurharðindum“, bls. 144.; Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 84.

<sup>39</sup> Þorvald Thoroddsen, „Ódáðahraun“, bls. 69-70.

í miklum erfiðleikum því féið ráfaði ákaflega um. Svipaða lýsingu var að finna hjá séra Sigurði Gunnarssyni, en hann kvartaði undan því að útsett fé rataði eitthvað út í buskann og léti illa að stjórn. Það passar jafnframt við lýsingar sýslumanna frá Skaftáreldunum.<sup>40</sup>

Annar samnefnari milli kinda, hesta og nautgripa er sá að askan fór illa með fætur skepna. Hestar urðu fljótt kvikugengir og er minnst á þess á einum stað að þurft hafi að járna hross, folöld og tryppi oft vegna þess hve skeifurnar slitnuðu oft. Einnig voru vandræði með klaufir kinda vegna öskjuna eins og áður hefur verið nefnd. Athyglisvert er þó, að meira bar á slíku í öskuminni sveitum heldur en í þeim öskumeiri. Samkvæmt sögu sem Ólafur Jónsson heyrði af sem barn, lá við askan skæri í sundur skóna á mannfólki sem varð að ganga í öskunni fyrstu daganna eftir að hún hafði fallið.<sup>41</sup>

Lítið er rætt um að skepnur hafi látist vegna öskunnar. Þó er minnst á það að tveir ungir hestar hafi látist daginn eftir að gosinu lauk, en askan átti að hafa gert göt á innfli þeirra. En það var mjög algengt í Skaftáreldunum. Jafnframt er minnst á það að fé á innstu afréttum Skriðdælinga og Fljótisdælinga hafi falið vegna þess hve mikið það rásaði um. Þó ekki sé farið nánar í hugsanlegar ástæður þess, mætti ímynda sér að það hafi verið vegna þess að fé vildi ekki bíta grasið og var hungrað, vatn var spillt og fé gat ekki drukkið, því hefur ef til vill verkjað í fætur eða að of mikið fé hafi verið á staðnum. En mörg þúsund fjár voru rekin þangað fyrstu vikurnar eftir gosið.<sup>42</sup>

Þegar leið fram að sláturtíma sauðfés komu áhrif eldgossins á sauðféð smá saman í ljós. Í eins árs gömlu fé hafi verið algengt að sjá fáar framtennur, lausar tennur og að aukatennur hafi vaxið. Almennt mátti finna einkennilegan koparlit utan á jöxlum sem og einkenni vatnsóttar komu fram í suðum. Algengt var að öllu fé sem hefði einkennin sem lýst er að ofan hafi verið lógað. Einnig mátti finna mikið magn af sandi í lóguðu fé. Svipaðar lýsingar mátti líka finna hjá séra Jóni Steingrímssyni frá Prestbakka í Skaftárgosinu 1783.<sup>43</sup>

---

<sup>40</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* I, bls 18-19; *Norðanfari* 19. maí 1875, bls. 59; Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 86.

<sup>41</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* I, bls. 19; *Norðlingur* 6. nóvember 1875, bls 71; *Norðanfari* 19. maí 1875, bls. 59.

<sup>42</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun* II, bls 263; Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls 86-87; *Norðanfari* 23 desember 1875, bls. 108.

<sup>43</sup> *Norðanfari* 23. desember 1875, bls. 108. ; Guðmundur Pétursson og fl, „Um eituráhrif af völdum Skaftárelda“, bls. 86.

Nautgripir voru hugsanlega mestu fórnarlömb Öskjugossins en samkvæmt séra Sigurði Gunnarssyni voru nautgripir gjarnan meðal fyrstu skepna sem bændur lóguðu bæði af vori og hausti.<sup>44</sup> Þær kýr sem voru geymdar heima voru settar út í júní, en þá var talið að komin væri það mikil gróður að hægt væri að láta þær út. Um leið og hægt var að setja þær út var hætt að gefa þeim.<sup>45</sup>

Veturinn 1875-1876 þótti frekar góður fyrir íbúa Múlasýslna. Engin teljandi vandræði komu fram fyrr en eftir miðþorra 1876, en þá kom erfitt 12 vikna tímabil. Í bréfum frá Fljótsdal og séra Sigurði Gunnarssyni 12. mars og 14. maí 1876 kemur fram að menn voru orðnir mjög hræddir um að hey myndi ekki endast. Samkvæmt Sigfinni póstmanni frá Austurlandi var mikið frost á þessu tímabili og jarðlítið í sveitunum austan til. Á sama tímabili lagðist hafís að Austurlandi. Varð ástandið það slæmt að í Vopnafirði drapst fé vegna of mikils fjölda, heyleysis og þess að jörð var frosin. Harðindatímabilinu lauk seinustu dagana í apríl.<sup>46</sup>

Eftir því sem séra Sigurður Gunnarsson skrifaði þótti árið 1876 vera eitt hið besta sem Austfirðingar höfðu upplifað í langan tíma. Þegar snjóá leysti komu túnin hálfgræn undan snjónum, því askan hafði hindrað að snjórinn legðist beint á gróðurinn. Hafði verið hálfgrænt um veturinn. Þetta gerði að verkum að gróður kom frekar fljótt og sauðfé komst í nýtt hey. Engu að síður þótti grasið frekar gisið, en þó var bót í máli að það þótti frekar hávaxið. Einkennilegt er að á sama tíma bárust fréttir af því að á Suðurfjörðum og í Austur-Skaptafellssýslu virtist fé drepast af ýmsum ástæðum, til að mynda vegna lungnapestar.<sup>47</sup>

Askann hélt þó áfram að gera mönnum lífið leitt. Þótt menn næðu að heyja vel þetta ár voru það frekar tún með blautu undirlagi sem hægt var að heyja fremur en þau þurru, en þar varð stundum frá að hverfa vegna öskunnar. Er líklegt að þetta eigi frekar við um Norður-Múlasýslu en þá eystri, en þar hafði mikið fokið í burt. Sláturfé um haustið þótti þá feitt og kjötmikið.<sup>48</sup>

---

<sup>44</sup> *Norðanfari* 19. maí 1875, bls. 59; *Norðanfari* 26. október 1875, bls. 84.

<sup>45</sup> Ólafur Jónsson, *Ódáðahraun II*, bls. 263.

<sup>46</sup> *Norðanfari* 5. apríl 1876, bls. 27-28; *Norðanfari* 27. maí 1876, bls. 43.

<sup>47</sup> *Norðanfari* 27. maí 1876, bls. 43. *Norðanfari* 16. febrúar 1877, bls. 27-28.

<sup>48</sup> *Norðanfari* 27. maí 1876, bls. 43. *Norðanfari* 16. febrúar 1877, bls. 27-28.

## 2.3 Tölfræðiupplýsingar

Þegar skoðaðar eru búnaðarskýrslur frá tímabilinu kemur á óvart að dauði skepna árin 1875 og 1876 var ekki mikill sé miðað við árin á undan. Hins vegar er vert að benda á að búnaðarskýrslur hafa stundum þótt vera frekar óreiðanlegar. Stafar þessi óreiðanleiki af nokkrum ástæðum. Ein er sú að skýrslur voru skrifaðar af hreppstjórum eftir bændunum sjálfum. Hugsanlegt er að bændur hafi ekki alltaf framkvæmt nákvæma talningu á skepnum sínum. Skýrslugerð vekur líka upp spurningar, en árið 1853 var það gefið út að talið skyldi á vorin og var jafnframt sleppt út flokkum sem töldust til ungvíðis, til dæmis kálfar, lömb og folöld. Reynt hefur verið að áætla fjölda þessara gripa, en enginn veit raunverulega tölu. Af öllum skepnum er talið að talningar á nautgripum séu nokkuð áreiðanlegar, en að sauðfé og hross séu vantalin. Jafnframt er talið að sú vantaling hafi aukist þegar fé tók að fjölga á 19. öld. En um hve mikla vantalingu er að ræða, er ekki vitað og erfitt að áætla.<sup>49</sup>

Í Landbúnaðarsögu Árna Daníels Júlíussonar og Jónasar Jónssonar er settur ákveðinn vantalsstuðull við tölur í búnaðarskýrslunum, en þeir telja að bæta megi þriðjungi við skýrslur hvað sauðfjár varðar. Árni fær þá tölu út með því að áætla raunverulegan fjölda búfjár út frá ullarútflutningi hvers árs fyrir sig.<sup>50</sup>

Engu að síður má áætla hversu mikil fækkun hafi orðið á skepnum eftir eldgosið árið 1875. Athyglisvert er að mesta fækkun á skepnum er árið á undan gosinu. Árin á undan gosinu virðast mjög sveiflukennd eins og sjá má af prósentureikningi og súlurítum hér að neðan (sjá töflu 1 og myndir 2, 3 og 4). Á milli ára 1875 og 1876 fækkaði nautgripunum mest eða um 9,5%. Sauðfé fækkaði um 6,5% en hrossum einungis um 2,6%. Einnig er athyglisvert að samkvæmt búnaðarskýrslunum fækkar talsvert meira í Suður-Múlasýslu heldur en Norður-Múlasýslu. En Norður-Múlasýsla er mun nær upptökum gossins heldur en Suður-Múlasýslu.

---

<sup>49</sup> *Hagskinna*, bls. 147 og 130.

<sup>50</sup> Árni Daníel Júlíusson og Jónas Jónsson, *Bændur og nútíminn*, bls. 69.

Tafla 1. Áætlun aukning og fækkun bústofna í prósentum talið 1873-1876.<sup>51</sup>


Ártal	Sauðfé í Norður-Múlasýslu	Mismunur milli ára í prósentum	Sauðfé í Suður-Múlasýslu	Mismunur milli ára í prósentum	Heildar mismunur hjá báðum sýslum á hverju ári fyrir sig.
1873	36.603		29.014		
1874	41.483	13,3	34.125	17,6	15,2%
1875	40.457	-2,5	31.545	-7,6	-4,8%
1876	38.736	-4,3	28.571	-9,4	-6,5%
Alls	157.279		123.255		
Samanlagt í báðum sýslum			280.534		

Ártal	Nautgripir í Norður-Múlasýslu	Mismunur milli ára í prósentum	Nautgripir í Suður-Múlasýslu	Mismunur milli ára í prósentum	Heildar mismunur hjá báðum sýslum á hverju ári fyrir sig í prósentum.
1873	1.088		1.094		
1874	1.081	-0,6	1.069	-2,3	-1,5%
1875	927	-14,2	874	-18,2	-16,2%
1876	829	-10,6	797	-8,8	-9,7%
Alls	3.925		3.834		
Samanlagt í báðum sýslum			7.759		


Átal	Hestar í Norður-Múlasýslu	Mismunur milli ára í prósentum	Hestar í Suður-Múlasýslu	Mismunur milli ára í prósentum	Heildar mismunur hjá báðum sýslum á hverju ári fyrir sig í prósentum.
1873	1.318		931		
1874	1.353	2,7	870	-6,6	-1,2%
1875	1.328	-1,8	976	12,2	3,6%
1876	1.307	-1,6	938	-3,9	-2,6%
Alls	5.306		3.715		
Samanlagt í báðum sýslum			9.021		

<sup>51</sup> Stjórnartíðindi 1878 B, bls. 85-89.

**Mynd 2.** Fjöldi sauðfjár í Múlasýslum árin 1873-1876.<sup>52</sup>




**Mynd 3.** Fækkun nautgripa í Múlasýslum 1873-1876.<sup>53</sup>



<sup>52</sup> Sama heimild.

<sup>53</sup> Sama heimild.

**Mynd 4.** Fækkun hesta í Múlasýslum frá 1873-1876.<sup>54</sup>



<sup>54</sup> Sama heimild.



### 3. Aðstoð við íbúa

#### 3.1 Fjárstuðningur

Eldgosið í Öskju vakti athygli allra landsmanna og líka erlendra þjóða. Nágrannapjóðirnar Danmörk og Noregur brugðust við með því að senda peninga til landshöfðingja á Íslandi, en þaðan voru peningar sendir til sýslunefnda í Norður- og Suður-Múlasýslu. Stuttu eftir að fyrsta peningasendingin barst frá Danmörku tóku menn sig til og stofnuðu íslenska nefnd til að safna fjármunum handa nauðstöddum Austfirðingum. Fyrsti hluti dönsku aðstoðarinnar kom snemma í júní, en 18. júní tilkynnti landshöfðingi amtmanni í Norður- og Austuramti að hann hafi sent 5.000 krónur til hvorrar sýslunefndar fyrir sig til að útbýta þeim til þeirra sem þurftu hvað mest á því að halda. Jafnframt biður hann um að sýslunefndir skrifi skýrslu um ástandið fyrir austan.

55

draga inn Til er nákvæm sundurliðun á því hverjir gáfu fé í söfnunina, það er þær 10.000 krónur sem komu til landsins í júní 1875. Í uppgjöri tæpu ári seinna kom fram upphæð upp á 17.053,53 krónur sem einnig fór austur. Ástæðan fyrir því að danska aðstoðin var tvískipt var sú að fyrsta sendingin átti að renna til þeirra sem voru hvað mest hjálparþurfi og sú seinni til þeirra sem þurftu að yfirgefa jarðir sínar tímabundið. Átti að styrkja áðurnefnda hópa annaðhvort með endurbótum á jörðum eða til að kaupa sér ný býli.<sup>56</sup>

---

<sup>55</sup> ÞÍ. Skjalasafn landshöfðingja. Bréfabók 1873-1875: amtmaður í Norður- og austuramti 18/6; *Ísafold* 15.júní 1875, bls. 87-88.

<sup>56</sup> *Ísafold* 15 júní 1875, bls 87; *Norðanfari* 27. maí 1876, bls. 43.

Tafla 2. **Danska aðstoðin.**<sup>57</sup>

<b>Konungur</b>	<b>1.000 krónur</b>
<b>Ekkjudrottningin</b>	500 krónur
<b>Konungsefnið</b>	400 krónur
<b>Seidelin kaupmaður</b>	1.000 krónur
<b>Edvard Johnsen læknir</b>	100 krónur
<b>Stefán Thorarensen verslunarmaður</b>	100 krónur
<b>Aðrir ónefndir einstaklingar</b>	6.900 krónur
<b>Fjárstyrkur haustið 1876</b>	17.053,53 krónur
<b>Heildarupphæð sem safnaðist</b>	27.053,52 krónur

Jafnframt er vitað hvað var gert við þessa peninga því Sigurður Gunnarsson skrifar um fjársöfnunina í *Norðanfara* 1. desember 1875. Þar kemur fram að upphafleg áætlun sýslunefndanna var önnur heldur en í raun varð. Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu skipti peningunum strax milli bænda. Sýslunefndin í Suður-Múlasýslu ætlaði hins vegar að bíða fram á næsta ár, því hún taldi að bændur ættu nóg af sauðfé sem mætti slátra og að þannig gætu þeir aflað sér tekna til að lifa af. Það fór hinsvegar svo að peningunum var skipt strax um haustið.<sup>58</sup>

Athygli vekur að í sama tölublaði *Ísafoldar*, 15. júní 1875, er tilkynnt um dönsku aðstoðina og sagt frá byrjun þeirrar íslensku. Íslenska söfnunin var undir forystu fimm þekktra einstaklinga. Þeir voru Jón Sigurðsson, Matthías Jochumsson ritstjóri Þjóðólfs, Björn Jónsson ritstjóri *Ísafoldar*, Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri og Jón Jónsson ritari.<sup>59</sup> Fyrsta tilkynning til landsmanna um að hefja ætti fjársöfnun kom fram í blöðunum *Ísafold*, *Þjóðólfi* og *Norðanfara*. Í auglýsingunni var fólk hvatt til að hjálpa meðbræðum sínum og sagt frá því að fólk gæti sent peninga á skrifstofur *Þjóðólfs* eða *Ísafoldar*. Einnig gæti fólk sent peninga til Jóns Jónssonar, ritara söfnunarinnar. Nánari útfærsla á því hvernig staðið yrði að söfnunin birtist í *Ísafold* 2. júlí, þar sem finna mátti ákveðin boðsbréf tengd söfnuninni. Boðsbréfin höfðu þann tilgang að þeir sem hugðust gefa í söfnunina gátu einfaldlega skrifað nafn sitt og þá upphæð sem þeir vildu gefa. Síðan

<sup>57</sup> *Ísafold* 15 júní 1875, bls 87, Í *Ísafold* frá 15 júní 1875 eru önnur konungsbörn nefnd sem gefendur í söfnunin en ekki kemur fram hversu há hún var. Jafnframt kemur fram að ónefndir íslenskir kaupmenn hafi gefið í söfnunin 100 til 500 krónur. Ekki kemur þó fram hversu margir kaupmenn það voru.

<sup>58</sup> *Norðanfari* 23. desember 1875, bls 108.

<sup>59</sup> *Ísafold* 15. júní 1875, bls 87-88.

myndi Ísafold eða Þjóðólfur birta nafn viðkomandi og fjárupphæðina. Þar var fólki jafnframt gefinn sá valkostur að senda framlög beint til sýslunefndanna, en þangað áttu allar upphæðirnar að renna. Ekki er víst að þær upphæðir hafi nokkru sinniratað í opinbera tölur.<sup>60</sup>

Tilgangur söfnunarinnar var að tryggja að sem flestir bændur austanlands myndu ekki þurfa að bregða búi. Jafnframt átti söfnunin að hindra það að bændur austan til mundu yfirgefa ættjörðina.<sup>61</sup>

Árið 1877 gerði landshöfðingi uppgjör á þeim peningum sem hann fékk til umráða. Þar er heildartalan 46,633,96 krónur. Af þessum peningum fékk hvor sýslunefnd 10.000 krónur og fengu þeir 17 ábúendur í Jökuldal sem urðu tímabundið að hverfa frá jörðum sínum 10.000 krónur aukalega. Eigandi Reykjahlíðar við Mývatn fékk 500 krónur. Stóðu þá eftir 15.000 krónur sem notaðar voru til að kaupa ríkisskuldabréf að upphæð 16.500 krónur og áttu að fara í að stofna sjóð sem myndi vera notaður ef svona stórt eldgos yrði aftur.<sup>62</sup>

---

<sup>60</sup> *Ísafold* 15. júní 1875, bls. 87-88; *Ísafold* 2. júlí, bls. 104; Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess“, bls. 60-62.

<sup>61</sup> *Ísafold* 2. júlí 1875, bls. 104..

<sup>62</sup> *Fréttir frá Íslandi 1877*, bls. 26.

**Tafla 3.** Íbúar Jökuldals sem fengu viðbótarfjárstuðning eftir Öskjugosið.<sup>63</sup>

Guðrún Gunnlaugsdóttir, Eiríksstöðum	3900.00 krónur
Sveinn Magnússon, Háskonarstöðum	1350.00 krónur
Oddur Þorsteinsson, Arnórsstöðum	600.00 krónur
Sölvi Magnússon, Klausturseli	500.00 krónur
Páll Jónsson, Merki	500.00 krónur
Jón Jónsson, Grund	450.00 krónur
Jósep Jónsson, fyrir Veturhús	450.00 krónur
Einar Bessason, Hneflaseli	360.00 krónur
Einar Einarsson, Brú	300.00 krónur
Stefán Þorarinsson, Fossgerði	250.00 krónur
Kristrún Sigfúsdóttir, Vaðbrekku	250.00 krónur
Jón Guðmundsson, Brattagerði	250.00 krónur
Kristján Friðfinnson, Sænavtaseli	200.00 krónur
Guðmundur Eyjólfsson, Þorskagerði	195.00 krónur
Eiríkur Sigurðsson, Ármótaseli	180.00 krónur
Sigurbjörg Jónsdóttir, Víðihól	150.00 krónur
Jón Sveinsson, Heiðarseli	115.00 krónur
<b>Alls</b>	<b>10.000.00 krónur</b>

Vitað er að sýsluefndin í Suður-Múlasýslu kláraði ekki sinn pening, því árið 1878 gerði oddviti nefndarinnar upp afganginn voru þá eftir 11.270 krónur og 75 aurar. Það þýðir að Suður-Múlasýsla hafi einungis eytt um helmingi eða um 9.720,25 krónum af þeirri upphæð sem fékkst til að ráðstöfunar. Lauk málinu með því að sýslunefndarmenn skiptu þessum 11.270,75 krónum og aurum milli hreppanna í sýslunni.<sup>64</sup>

Norðmenn gáfu einnig fé í söfnun en lítið hefur verið skrifað um þá annað en upphæðin er sögð hafa verið um 11.000 krónur.<sup>65</sup>

<sup>63</sup> Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess“, bls. 66.

<sup>64</sup> *Saga sýslunefndar Suður-Múlasýslu 1875-1988*, bls 38.

<sup>65</sup> *Ísafold* 7. desember 1875, bls. 196

### 3.2 Breska aðstoðin og þátttaka Eiríks Magnússonar

Eiríkur Magnússon bókavörður í Cambrigde stóð að baki hjálparsöfnuninni í Englandi. Eiríkur ól manninn í Berufirði og síðan Stöðvarfirði en faðir hans var séra Magnús Bergsson.<sup>66</sup> Eiríkur fékk fréttir af gosinu í gegnum skýrslu séra Sigurðar Gunnarssonar á Hallormsstöðum um eldgosid og afleiðingar þess, sem rituð var 19. maí 1875. Eiríkur þýddi skýrsluna og birti hana í dagblaðinu *Times* 20.-21. maí 1875 ásamt áskorun um að hefja söfnun til stuðnings Austfirðingum. Þann 16. júlí hafði honum tekist að stofna samskotsnefnd með mörgum þekktum Bretum á borð við borgarstjóra Lundúna, David Henry Stofne, Sir Thomas Dakin úr borgarstjórn, A.J. Beresford-Hope þingmann, séra F. Holland, Morris ritstjóra dagblaðsins *Times* og ýmsir aðrir merkismenn. Á fyrsta fundi nefndarinnar var send áskorun til almennings um hjálparsöfnun. Í upphafi söfnunar kom þó í ljós að Bretar voru heldur tregir til að gefa fé sitt því að á sama tíma voru þeir að safna fyrir þurfandi Frakka.<sup>67</sup>

Eiríkur lagði þá til að besta leiðin til að hjálpa Austfirðingum væri að reyna að halda lífi í fjárstofninum á komandi vetri. Enn fremur lagðist hann algjörlega gegn því að fela dönsku stjórninni umsjá með dreifingu peninga. Jafnframt lagðist hann gegn því að senda peninga beint til kaupmanna, því að hann taldi að fénu yrði ekki komið til fólks í neyð heldur myndu kaupmenn reyna að græða á ástandinu. Kom hann því svo fyrir að ákveðið var að fénu yrði varið til kaupa á fóðri sem sent yrði heim til Austfirðinga strax um haustið, áður en sláturtíð hæfist. Þann 9. september var Eiríki falið að kaupa og flytja 150 tonn af korni til Íslands og sjá um að deila því út. Alls fóru 100 tonn af maís, 25 tonn af byggi og 25 tonn höfrum til Íslands. Kornid var sett í 100 punda sekki svo auðveldara yrði að afgreiða það þegar til Íslands kæmi. Eiríkur vildi þó að korninu yrði dreift sem minnst og yrði frekar ráðstafað til sveita sem lifðu nær eingöngu á kvikfénaði og höfðu orðið illa úti í gosinu. Í kjölfarið leigði hann skipið *Fifeshire* til að flytja kornið til landsins. Eiríkur sigldi með *Fifeshire* frá Englandi til Eskifjarðar, en þar lagði skipið að landi 20. september 1875.<sup>68</sup> Þegar þangað var komið gerði Eiríkur ráðstafanir til að flytja kornið af skipi og leigði hann geymsluhúsnæði fyrir kornið uns fulltrúar hreppstjórna komu á fund hans til að ráðstafa korninu. Svo fór að um haustið 1875 var úthlutað 2.600

---

<sup>66</sup> Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar* bls. 1, 5, 23 og 125.

<sup>67</sup> *Norðlingur* 13. september 1875, bls 38; Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls. 213-214.

<sup>68</sup> Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls. 214- 215.

50 kílóa pokum í þá sex hreppi sem urðu hvað verst úti, en 400 pokar voru geymdir og skyldu notaðir seinna. Þá er spurning er hvort þeir 400 pokar sem voru geymdir hafi hugsanlega farið niður á sjávarsveitirnar, því samkvæmt Hreppsþók Borgarfjarðar-Eystri í janúar 1876 höfðu bændur í firðinum fengið um 30 poka af korni, sem skipt hafi verið á milli 22 einstaklinga á 12 bæjum.<sup>69</sup>

**Mynd 4.** Skipting breska kornsins.<sup>70</sup>

Eiðahreppur	440 pokar
Fellahreppur	560 pokar
Fljótsdalshreppur	430 pokar
Jökuldalshreppur	330 pokar
Skriðdalshreppur	250 pokar
Vallahreppur	580 pokar.

Þær sveitir sem höfðu möguleika á fiskveiðum fengu ekki úthlutað korni, en þar gátu bændur engu að síður keypt sér korn, því allar verslanir voru með korn til sölu. Gránufélagið keypti um 900 tonn af korni og um haustið var kornið farið að seljast upp í vissum verslunum.<sup>71</sup> Líklegt verður þó að teljast að þær sveitir sem höfðu aðgang að sjávarauðlindum hafi ekki verið ánægðar með þessa ákvörðun. Til er bréf frá hreppsnefndarmönnum á Borgarfirði Eystra þar sem þeir mótmæla harkalega þeirri ákvörðun sýslunefndarinnar um að taka eingöngu fyrir þá sex hreppi sem nefndir eru hér að ofan. Máli sínu til stuðnings bentu þeir á að þeim þætti skrítíð að Loðmundarfjörður, sem sé helmingi minni en þeirra eigin fjörður, fái 60 sekki en þeir bara 30 sekki. Einnig finnst þeim eins og þeim sé refsað fyrir að eiga í erfiðleikum með að komast til Eskifjarðar.<sup>72</sup>

Korn Eiríks Magnússonar, ásamt aðkeyptu korni, átti eftir að koma sér vel á Þorranum 1876 þegar 12 vikna harðindatími geysaði í sýslunum tveimur. Ef kornið hefði ekki verið

<sup>69</sup> HA. Hrepps- og bréfabók Borgarfjarðar 1850-1894, bls 111-112. *Austurland*, bls 80. Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls 215-216

<sup>70</sup> Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls. 216.

<sup>71</sup> Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls. 216. *Ísafold* 2. desember 1875, bls. 180.

<sup>72</sup> HA. Hrepps- og bréfabók Borgarfjarðarhrepps 1850-1894, bls 113-117.

aðgengilegt hefði þurft að lóga og slátra skepnum eða féð hefði drepist úr hor.<sup>73</sup> Talið er að framtak Eiríks hafi forðað um 6.000 kindum frá slátrun, en óvíst er hversu mörgum hestum og nautgripum það bjargaði.

Talið er að heildarupphæð peningahjálpar frá Bretum hafi verið um 40.000 þúsund krónur á verðlagi þess tíma.<sup>74</sup> Fram kemur í uppgjöri bresku nefndarinnar ári seinna að eftir öll útgjöldin stóðu eftir 340 pund. Þeir peningar voru ávaxtaðir til 1. apríl næsta árs og voru þá færðir séra Sigurði Gunnarssyni til að styrkja bændur í Jökuldal á sem höfðu hrakist frá jörðum sínum til að snúa aftur heim.<sup>75</sup>

Kannski varð það til happs fyrir íbúa Múlnasýslna að sauðasalan til Bretlands var að hefjast á ný á sama tíma og eldgosíð í Öskju. Margir sáu þá ákveðna möguleika í því að reyna að selja sauðfé til Englendinga. Jökuldalshreppur og Eiðahreppur ákváðu að reyna í kjölfarið að finna mann til að fara að utan og semja við Englendinga um fjárkaup. Jökuldælingar vildu tala við S.E. Sæmundsen, verslunarstjóra á Vopnafirði, en Eiðaþingárbændur vildu senda Túlinus kaupmann á Eskifirði. Jafnframt lagði sýslunefnd Suður-Múlasýslu áherslu á að reyna að auka viðskipti við Englendinga.<sup>76</sup>

Ekki er vitað að hvaða leyti Englendingar urðu við beiðnum Íslendinga, en vitað er að þeir fjárkaupmenn sem fóru utan með Eiríki Magnússyni í september 1875 komu í sýslurnar og keyptu sauðfé. Hversu mikið fé og á hvaða verði er erfiðara að segja til um, en ekki gætir fullkomins samræmis á milli heimilda. Stefán Einarsson segir að fjöldinn hafi verið um 630 fjár, flest frá Djúpavogi og verð fyrir hvern grip hafi verið um 14-20 krónur. Tímaritið Ísafold hélt því fram að fjöldinn hafi verið 700 fjár og upphæðin frá 10-17 krónur fyrir kindina.<sup>77</sup> Þó virðist munurinn ekki ýkja mikill og eflaust er óhætt að álykta að sannleikurinn liggja einhversstaðar á þessu bili. Á árunum 1876 og 1877 var meðalverð á sauðfé á milli 16-20 krónur fyrir sauðinn<sup>78</sup> og því mætti ætla að bresku kaupmennirnir hafi borgað meðalverð fyrir sauðina.

---

<sup>73</sup> *Norðanfari* 27. maí 1876, bls. 43.

<sup>74</sup> *Austurlands*, bls. 81.

<sup>75</sup> Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls. 216-217.

<sup>76</sup> *Norðanfari*. 3 júní 1875, bls. 72; *Saga sýslunefnefndar Suður-Múlasýslu 1875-1988*, bls. 37.

<sup>77</sup> Stefán Einarsson, *Ævisaga Eiríks Magnússonar*, bls 202. *Ísafold* 2. desember 1875, bls 180.

<sup>78</sup> Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*, bls, 68.

## Niðurstöður

Margir bændur í Múlasýslunum áttu erfiða daga eftir atburðina 29. mars 1875 þegar Askja gaus. Við bændum blasti aska sem hafði lagst yfir gífurlegt landsvæði Af öllu svæðinu var það Jökuldalurinn sem for hvað verst út úr gosinu en á þeim slóðum var öskuþykktin um 20 sentímetrar, meðan öskumagnið var einungis um tveir til fjórir sentímetrar niðri á fjörðum. Helsta verkefni bændanna var að reyna að hreinsa túnin undan öskunni, en það gekk misvel. Algengt var að menn reyndu að safna öskunni í hauga út um öll tún, en um leið og vind hvessti fauk úr haugunum og byrja varð upp á nýtt. Reynt var nota vatn til að fleyta öskunni burt en ekki höfðu allir aðgang að vatni. Askan gerði það jafnframt að verkum að margir lækir höfðu stíflast vegna öskunnar. Meðan sumir sátu heima við og reyndu að koma öskunni burt af túnum, ráku aðrir fé sitt í öskulausar sveitir eða sveitir með mjög lítið magn af ösku. Jökuldælingar ráku fé sitt niður í Vopnafjörð og af miðhéraði var rekið til Breiðdals og sveita syðra frá, enn aðrir leituðu inn á öræfi eða í afréttir með fé sitt. Þrátt fyrir slæmt útlit fyrstu dagana eftir að gos spratt hey upp miklu betur en menn áttu von á. Heyskapartíðin átti þó eftir að reynast erfið því að bæði spratt seinna sem og ljáir slitnuðu hratt vegna vikursins. Við enda heyskapartíðar var heymagn aðeins um helmingur eða þriðjungur af því sem áður hafði verið í meðalári.

Gosið hafði líka áhrif á kvikfénaðinn. Algengt var að skepnur yrðu sárfættar af því að ganga í öskunni. Einnig mátti greina mikinn óróleika og píring hjá bæði sauðfé og hrossum sem hvergi virtust getað unað sér á meðan á gosi stóð og fyrstu daga eftir gos. Kindur æddu um túnin án nokkurrar stefnu og hestarnir þöldu ekki hljóðin meðan á gosinu stóð. Helstu afleiðingar fyrir nautgripi var að þeim var slátrað á undan öðrum skepnum, bæði um vorið á meðan ákveðin óvissa var yfir ástandinu og líka um haustið. Var hugsað til þess að sauðir og annað fé myndi þurfa minna hey heldur en nautgripir. Þar sem þeim var ekki slátrað var þeim haldið innandyra uns það þótti vera komin nógu mikil gróður til að hægt væri að sleppa þeim.

Gosið hafði þær afleiðingar að um haustið var lítið sett á af gripum vegna heyleysis. Algengt var að öllum lömbum væri slátrað og menn settu einungis á þriðjung til helming



miðað við venjuleg ár, vegna þess hve lítið magn af heyi bændur höfðu. Þá er líklegt að enn fleiri skepnum hefði verið lógað ef ekki hefði komið til korngjafar Eiríks Magnússonar. Í september 1875 sigldi Eiríkur Magnússon til Eskifjarðar með 150 tonn af korni sem skiptust í 100 tonn af maís, 25 tonn af byggi og 25 tonn af höfrum, og var þeim skipt á milli þeirra sex hreppa sem voru taldir hafa farið verst út úr gosinu. Eiríkur Magnússon var staddur í Bretlandi þegar hann heyrði af gosinu í gegnum skýrslu séra Sigurðar Gunnarssonar og hóf hann söfnun handa Íslendingum. Eiríkur lagði áherslu á að peningarnir sem kæmu inn í söfnunina skyldu notaðir til að kaupa korn handa Íslendingum og taldi að það mundi koma sér best fyrir bændurna. Hann vildi ekki að peningarnir færu ekki til kaupmanna því hann taldi að kaupmenn myndu nota þá til að græða á ástandinu. Talið er að ráðstöfun Eiríks hafi forðað um 6.000 fjár frá sulti, auk hesta og nautgripa. Jafnframt kom hann því til leiðar að bændur gátu selt sauði til Bretlands á meðalverði með skipi Eiríks aftur heim til Englands. Er talið að þessi aðstoð hafi numið um 40 þúsundum króna.

Líklegt er að margir bændur sem fengu styrktarpeninga frá söfnuninni notuðu þá til að kaupa korn, en um haustið 1875 var mikið álag á austfiskum kaupmönnum um að kaupa korn handa bændum. Seint um haustið 1875 er talað um að kornið sé búið hjá öllum verslunum nema hjá Gránufélaginu sem keypti 900 tonn af korni það ár.

Íslendingar sem og erlendar þjóðir hófu um sumarið 1875 fjársöfnun í þeim tilgangi að styðja við austfirðinga. Danir sendu Íslendingum 27.053 krónur og 52 auro. Norðmenn sendu 11.000 krónur til landsins. Þeir sem stóðu að íslensku söfnuninni voru Jón Sigurðsson, Matthías Jochumsson, Björn Jónsson, Tryggvi Gunnarsson og Jón Jónsson, sem jafnframt var ritari söfnunarinnar. Fyrstu auglýsingarnar komu fram í júní og júlí 1875. Þetta er komið í meginmáli og nægir að endursegja í stuttu máli hér Tilgangur sönnunarinnar var að styðja og tryggja að bændur á Austurlandi myndu ekki flosna af jörðum sínum. Þeim einstaklingum var boðið að senda peninga til skrifstofa Norðanfara, Ísafoldar og Þjóðviljans. Vitað er að margir tóku þátt og í þessum blöðum eru birtir listar yfir einstaklinga sem gáfu fé. Engu að síður valdi fólk að senda peninganna beint austur og ekki víst að þeir hafi nokkurn tíma verið taldir opinberlega.

Landshöfðingi landsins gerir árið upp söfnunina 1857 og segir hann að sér hafi borist um 46.633 krónur. Af þeim peningum fór meirihlutinn austur á Hérað og til Mývatns. Af styrktarpeningunum var skilinn eftir afgangur sem innihélt 15.000 krónur sem ákveðið

var að yrði notaður til að kaupa ríkisskuldabréf. Stofnaður var sjóður sem átti að tryggja stuðning við almenning ef annað stórt eldgos ætti sér stað.

draga inn Árið 1876 reyndist mun betra heldur en menn gátu vonað, sérstaklega með tilliti til þess að á þorranum kom mikið harðindatímabíl sem fólst meðal annars í því að ekki var hægt að setja kindur út. Á sama tíma fóru líka að koma fram upplýsingar um að kindur í Vopnafirði væru farnar að svelta vegna þess hve þröngt var á öllu svæðinu vegna flökkukinda. Vorið 1876 var hins vegar ákalli bænda um góða veðráttu svarað og hægt var að setja fé út fljótt, grasið spratt vel og gekk heyskapur ákaflega vel. Um haustið var sláturfé bæði feitt af kjöti og mör. Talað var um að árið 1876 hefði verið með þeim bestu á Austurlandi í langan tíma.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

Héraðsskjalasafn Austurlands (HA)

HA. Hrepps og bréfabók Borgarfjarðar 1850-1894. Hreppur 13, bók 13.2.

Þjóðskjalasafn Íslands (*ÞÍ*)

ÞÍ. Skjalasafn landshöfðingja. Bréfabók 1873-1875.

### Prentaðar heimildir.

Agnar Hallgrímsson, „Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess“, *Múlaping 5* (1970), bls. 3-87.

*Annálar 1400-1800 II* (Reykjavík 1927 –1932).

*Annáll 19. aldar*. Síra Pétur Guðmundsson skráði (Akureyri 1942).

Anna Lilja Oddsdóttur, „Undur yfir dundu. Áhrif Kötlugossins 1918 á byggð og samfélag í Vestur-Skaftafellssýslu“. MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2008. Aðgengileg á Skemmu, <http://hdl.handle.net/1946/3367>. Sótt 15 febrúar 2016.

*Austurland. Safn austfirskra fræða*. 4 bindi. Ritstjóri Halldór Stefánsson (Akureyri 1952).

Árni Daniel Júlíusson og Jónas Jónsson, *Landbúnaðarsaga Íslands. Bændur og nútíminn. Sveitasamfélagið á 19 og 20. öld*. II (Reykjavík 2013.)

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, „Yfir hrundi askan dimm...“ *Sýning um öskufallið 1875*. MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2015. <http://hdl.handle.net/1946/20504>. sótt 12 janúar 2016.

*Fréttir frá Íslandi* (Reykjavík 1877).

Guðmundur Jónsson, „Öskufallið 1875“, *Að vestan IV. Sagnaþættir og sögur II*. Árni Bjarnason sá um útgáfuna (Akureyri 1955), bls. 159-164.

Guðmundur E. Sigvaldsson, „Samspil vatns og kviku. Öskjugosið 1875“, *Eldur er í Norðri*. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Ritnefnd Helga Þórarinsdóttir, Ólafur H. Óskarsson, Sigurður Steinþórsson og Þorleifur Einarsson (Reykjavík 1982), bls 37-49.

Guðmundur Pétursson, Páll A. Pálson og Guðmundur Georgsson „Um eituráhrif af völdum Akaftárelða“, *Skaftáreldar 1783-1784. Ritgerðir og heimildir*. Ritnefnd Gíslis Ágúst Gunnlaugsson, Gylfi Már Guðbergsson, Sigurður Þórarinsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þorleifur Einarsson. (Reykjavík 1984), bls. 81-97.

Guðmundur Hálfðánarson, „Mannfall í Móðurharðindum“, *Skaftáreldar 1783-1784. Ritgerðir og heimildir*. Ritnefnd Gíslis Ágúst Gunnlaugsson, Gylfi Már Guðbergsson, Sigurður Þórarinsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þorleifur Einarsson (Reykjavík 1984). bls. 139-162.

*Hagskinna*. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík 1997).

Jón Benjamínsson, „Gjóskulaga?? á Norð-Austurlandi“, *Eldur er í Norðri*. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Ritnefnd Helga Þórarinsdóttir, Ólafur H. Óskarsson, Sigurður Steinþórsson og Þorleifur Einarsson (Reykjavík 1982), bls. 181-185.

*Ísafold* (Reykjavík 1875).

*Náttúruvía*. Ritstjórn Kristján Sæmundarson og Freysteinn Sigmundarson (Reykjavík 2013).

*Norðanfari* (Akureyri 1875-1877).

*Norðlingur* (Akureyri 1875).

Ólafur Jónsson, Ódáðahraun 1-II (Akureyri 1945).

*Saga sýslunefndar Suður-Múlasýslu 1857-1988*. Ritstjóri Ármann Halldórsson (Egilsstaðir 1991).

Sigurður Þórarinsson, *Eldur í Öskju* (Reykjavík 1963).

Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar* (Reykjavík 1933).

*Stjórnartíðindi Íslands 1878* (Reykjavík 1878).

Sveinbjörn Blöndal, *Sauðasalan til Bretlands*. Ritstjóri Jón Guðnason. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 8 (Reykjavík 1982).

Þorvaldar Thoroddsen, „Ódáðahraun“, *Andvari* 11 (1885), bls 20-108.

### **Vefheimildir**

Askja, Jarðfræðivefurinn, 2013, <http://www1.nams.is/jardfraedi/eldfjoll.php?id=361> (sótt 26. febrúar 2016).